AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 435/2003 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætast þrír nýir töluliðir og eru þeir svohljóðandi:

4. Argentína
5. Guernsey
6. Mön

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 11. desember 2003.

Valtýr Sigurðsson stjórnarformaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Nr. 975 12. desember 2003

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2004.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2004, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

		Kr.
a)	Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli, m.v. 1 poka á viku	9.430
b)	Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.715
c)	Sumarhús	3.143
d)	Fyrirtæki, m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	9.430
e)	Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	35.279

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 1. desember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 10. desember 2003.

Hellu, 12. desember 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.